

NÝJAR ÁHERSLUR Í GRUNNNÁMI VIÐ HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Gæði hjúkrunarfræðináms og framþróun þess eru stöðugt viðfangsefni hjúkrunarfræðideildar. Í því skyni þarf að endurskoða reglulega námskrár í heild sinni. Slík vinna hefur verið í gangi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (HÍ) undanfarin misseri og verður hér gerð grein fyrir breytingum á námskrá í grunnnámi og inntökuskilyrðum í deildina.



Við endurskoðun námsins var tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu, bæði hér á landi og erlendis. Skoðaðar voru skýrslur um hjúkrunarnám hérlendis og fyrirkomulag þess ásamt úttektum og ályktunum um framtíðarfyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar (Námsnefnd Hjúkrunarfræðideildar HÍ, 2013). Horft var til þess að öldruðum og langveikum fer fjölgandi (Velferðarráðuneytið, 2012) auk þess að kostnaðarvitund hefur aukist og meiri kröfur eru um að veita heilbrigðisþjónustu úti í samfélaginu fremur en á sjúkrahöfnum. Sérstök áhersla var lögð á að efla þann þátt námsins sem fjallar um færni í hjúkrun bráðveikra, langveikra og aldraðra ásamt

heimahjúkrun og heilsuvernd. Þessi svið hjúkrunar hafa stækkað og brýn nauðsyn er á að koma betur til móts við auknar þarfir á þessum sviðum. Einnig hafa framfarir í meðferð, flókin tækjabúnaður, auknar kröfur um gæði og öryggi sjúklinga og kröfur um hagkvæmni haft í för með sér sérhæfðari meðferð sjúklinga og flóknari viðfangsefni hjúkrunarfræðinga. Þjálfun í klínískri ákvarðanatöku og efling síðferðilegrar dómgreindar hefur fengið aukið vægi. Þannig miðar klíníska kennslan að því að nemendur þroskist og nái hæfni sem verðandi hjúkrunarfræðingar til að starfa við flóknar, fjölþættar og breytilegar aðstæður (Benner o.fl., 2010). Þá er ónefnd sú aukna áhersla sem lögð er á upplýsingatækni og gagnreynda þekkingu

og að nemendur öðlist þekkingu og færni til að veita einstaklingshæfða hjúkrun í þverfaglegu samstarfi. Við endurskoðun námskrárinnar hefur þannig verið lögð áhersla á að menntun hjúkrunarfræðinga endurspegli kall alþjóðasamfélagsins um meiri áherslu á ofangreinda þætti.

Í nýrri námskrá er lögð áhersla á:

- gagnrýna hugsun og sjálfstæði
- rannsóknir, gagnreynda þekkingu og vinnubrögð
- samþættingu grunngreina og hjúkrunargreina
- heilsugæslu og heilsuvernd
- langveika og heimahjúkrun
- undirbúning nemenda í hermi
- vinnuálag nemenda.

Ásamt því að endurskoða innihald námskrárinnar er lögð áhersla á að jafna vinnuálag nemenda í námskeiðum þar sem vinnuframlag, sem liggur að baki hverri ECTS-einingu, hefur verið skilgreint. Kerfisbundið eftirlit með innihaldi og gæðum náms verður innleitt samhliða, og skipaðir hafa verið tveir kennslustjórar sem munu skipta með sér starfinu næstu 5 árin. Þeir eiga að hafa eftirlit með gæðum allra námskeiða og námsins í heild. Hluti af því að tryggja gæði er að öll námskeið í deildinni séu í umsjón fastráðinna kennara. Yfirlitsmynd yfir grunnnám í hjúkrunarfræði við HÍ samkvæmt nýrri námskrá má sjá á meðfylgjandi mynd. Gert er ráð fyrir að hluti af námi til BS-prófs verði metinn til meistaraþrófs og með því stýttist það nám umtalsvert. Vænta má niðurstöðu þeirrar vinnu seinna á árinu.

Haut 1. ár	Haut 2. ár	Haut 3. ár	Haut 4. ár
Vinnulag og upplýsingatækni 3 ECTS	Almenn hjúkrun II 6 ECTS	Hjúkrun langveikra fullorðinna 16 ECTS	Hjúkrun bráðveikra 4 ECTS
Heilbrigðismat 6 ECTS	Meinafræði 2 ECTS Lífðlisfræði II 6 ECTS	Öldrunarhjúkrun II 6 ECTS	Heilsugæsla og heilbrigði fjölskyldunnar 8 ECTS
Hjúkrun og hjúkrunarstarf 3 ECTS	Örveru- og sýklafræði 6 ECTS	Hagnýting rannsókna í hjúkrun 2 ECTS	Heimahjúkrun 4 ECTS
Lífærafræði 6 ECTS	Handlækningafræði 6 ECTS	Langveikir og heilbrigðisþjónusta 6 ECTS	Hjúkrunarstjórnun 8 ECTS
Frumlífðlisfræði 8 ECTS	Aðferðafræði 4 ECTS		Fagmennska 6 ECTS
Siðfræði 4 ECTS			Teymisvinna 2 ECTS
Vor 1. ár	Vor 2. ár	Vor 3. ár	Vor 4. ár
Almenn hjúkrun I 6 ECTS	Sjúkrahjúkrun 6 ECTS	Hjúkrun aðgerðasjúklinga 14 ECTS	Hagnýting þekkingar í hjúkrunarstarfi 16 ECTS
Félagsfræði 3 ECTS	Lyfjafræði 6 ECTS	Geðhjúkrun og geðheilbrigði 12 ECTS	Val 2 ECTS
Sálfræði 3 ECTS	Lyflækningafræði 6 ECTS		
Samskipti 4 ECTS	Ónæmisfræði 4 ECTS		
Lífðlisfræði I 6 ECTS	Vöxtur og þroski 3 ECTS	Heilsugæsla 4 ECTS	Barnahjúkrun 10 ECTS
Næringarfræði 4 ECTS	Heilbrigðisfræðsla 3 ECTS		
Tölfræði 4 ECTS	Öldrunarhjúkrun I 2 ECTS		
Undirstöðuatriði hjúkrunar	35 ECTS	Klínísk fræði og rannsóknir	29 ECTS
Heilsugæsla og heimahjúkrun	22 ECTS	Sálfélagslegur grunnur	14 ECTS
Hjúkrun bráðveikra og alvarlegra veikra	34 ECTS	Lífæði mannsins, sjúkdómafræði, lyfjafræði	60 ECTS
Hjúkrun á öðrum sérsviðum	46 ECTS		

Námskrá í hjúkrunarfræði HÍ frá haustönn 2015.

Inntökuskilyrði – aðgangspróf

Í meira en tvo áratugi hefur takmarkaður fjöldi nemanda við hjúkrunarfræðideild HÍ getað haldið áfram námi við deildina eftir að hafa þreitt samkeppnispróf eftir fyrsta misserið (numeris clausus eða klásus eins og samkeppnisprófin eru kölluð í daglegu tali). Þessi aðferð við val á nemendum til náms hefur verið gagnrýnd með þeim rökum að tími ungs fólks nýtist illa, auk streitu og álags sem samkeppnisprófum fylgir. Heill vetur getur farið forgörðum, haustmiseri notað í nám sem reynist blindgata og erfitt getur verið að hefja nýtt nám á vormisseri. Því var ákveðið að endurskoða inntöku nemenda við hjúkrunarfræðideildina samfara breytingum á námskrá. Skoðaðar voru nokkrar leiðir til þess en niðurstaðan var að nýta aðgangspróf (A-próf) við inntöku nemenda frá haustmiseri 2015 og feta þannig í fótspor nokkurra annarra deilda innan HÍ. A-prófin eru samin með hlíðsón af færniþáttum námskrár framhaldsskólanna og eru byggð á erlendum fyrirmyndum og er þannig ætlað að spá fyrir um getu nemenda til háskólanáms. Prófað er í fimm þáttum: upplýsinganotkun,

málfærni, lesskilningi, ensku, stærðum og reiknanleika og hægt er að sjá sýnidæmi úr öllum prófþáttunum á vefsíðu HÍ (Háskóli Íslands, 2015a). Frammistaða nemenda á A-prófinu mun gilda 70% og meðaleinkunn á stúdentsprófi í íslensku, ensku og stærðfræði 30% (Háskóli Íslands, 2015b). Hjúkrunarfræðideildin verður tilbúin að taka á móti þeim 100 nemendum haustið 2015 sem standa best að vígi af umsækjendum. Með þessu fyrirkomulagi vita nemendur strax í sumar hvort þeir hafa fengið inngöngu í Hjúkrunarfræðideild og mun því létt á óvissunni og streitunni sem samkeppnisprófunum hefur fylgt auk þess sem kennsluhættir í nýrri námskrá miða að persónulegri kennslu í minni hópum.

Heimilt er samkvæmt reglum HÍ að halda A-próf tvisvar á ári og þetta árið verður það haldið 21. mars og 12. júní. Búið er að opna skráningu fyrir báða prófdagana, en henni lauk 13. mars fyrir fyrra prófið og lýkur 5. júní fyrir seinna prófið. Hins vegar skal það tekið fram að nauðsynlegt er að vera með stúdentspróf þegar sótt er um sjálft hjúkrarnámið og

lýkur þar skráningu 5. júní. Prófin gilda í 11 mánuði eftir að þau eru tekin og hægt verður að nýta þau við skráningu í aðrar deildir skólans sem nota A-prófið við inntöku nemenda. Próftíminn er samtals 3,5 klukkustundir og er kostnaður við að þreita prófið enginn þetta árið þó það geti breyst þegar fram líða stundir. Nánari upplýsingar um námið og inntökuskilyrði í Hjúkrunarfræðideild HÍ má sjá á www.hi.is og upplýsingar um A-prófin á http://www.hi.is/a_prof.

Heimildir

- Benner, P., Sutphen, M., Leonard, V., og Day, L. (2010). *Educating nurses: A call for radical transformation*. San Francisco: Jossey-Bass on behalf of The Carnegie Foundation for the Advancement of Teaching.
- Háskóli Íslands (2015a). *A-próf*. Sótt á http://www.hi.is/a_prof.
- Háskóli Íslands (2015b). *Inntökuskilyrði Hjúkrunarfræðideildar HÍ*. Sótt á <http://www.hi.is/hjukrunarfraedideild/inntokuskilyrði>.
- Námsnefnd Hjúkrunarfræðideildar HÍ, 2012-13 (2013). *Greinargerð námsnefndar um tillögur að breytingu námskrár í grunnnámi í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands*. Reykjavík: Hjúkrunarfræðideild HÍ.
- Velferðarráðuneytið (2012). *Velferðarstefna. Heilbrigðisáætlun til ársins 2020*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.